



FUNDARGERÐ
3. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 19. september 2022
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Ísleifur Jónasson, Eydís Þ. Indriðadóttir, Valtýr Valtýsson, Klara Viðarsdóttir og Jón G. Valgeirsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Eydís Þ. Indriðadóttir mætir sem varamaður Ingvars Péturs Guðbjörnssonar

Dagskrá:

1. Starfsmannamál - 2206040

Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók

2. Skólanámskrá Leikskólans Laugalandis 2022-2023 - 2209006

Skólanámskrá fyrir Leikskólann Laugalandi skólaárið 2022-2023

Á fundinn mætir Sigrún Benediktsdóttir, leikskólastjóri og fór yfir skólanámskrá fyrir Leikskólann á Laugalandi skólaárið 2022-2023.

Stjórn Odda þakkar Sigrúnu fyrir kynninguna og samþykkir skólanámskrána.

3. Ytra mat leikskóla Odda bs 2021 - 1909071

Uppfærð umbótaáætlun Leikskólans á Laugalandi vegna ytra mats á leikskólanum

Á fundinn mætir Sigrún Benediktsdóttir, leikskólastjóri og fór yfir uppfærða umbótaáætlun fyrir Leikskólann á Laugalandi vegna ytra mats á leikskólanum

Stjórn Odda þakkar Sigrúnu fyrir kynninguna og lýsir ánægju sinni með áætlunina.

4. Rekstraryfirlit Odda bs 2022 - 2201036

Rekstraryfirlit jan-ágú 2022

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir rekstrartölur fyrstu 8 mánuði ársins. Reksturinn er að mestu á áætlun nema fjármagnskostnaður er umfram áætlun vegna aukinnar verðbólgu.

5. Rekstraráætlun 2022 - Oddi bs viðauki 3 - 2209022

Viðauki 3 við rekstraráætlun Odda bs. 2022

Handwritten signatures and initials in blue ink:
- A large signature on the left.
- A signature on the right.
- Initials "EJ" in the center.
- Initials "K.V." at the bottom right.
- A signature "E.G." at the bottom left.

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir tillögu að viðauka 3 fyrir Odda bs.

Lagður fram viðauki 3 við rekstraráætlun Odda bs 2022. Greinargerð fylgir viðaukanum. Viðaukinn er vegna hækkunar tekna að upphæð 15.300.000 kr; hækkunar launakostnaðar að upphæð 36.520.000 kr; hækkunar annars rekstrarkostnaðar að upphæð 2.700.000 kr; og hækkunar fjármagnsliða að upphæð 5.700.000 kr. Samtals er viðaukinn til hækkunar á rekstrarkostnaði Odda bs að upphæð 29.620.000 kr. Óskað er eftir að viðaukanum verði mætt með hækkun á framlögum sveitarfélaganna frá Ásahreppi 4.237.668 kr. og Rangárþingi ytra 25.382.332 kr.

Stjórn Odda samþykkir viðaukann fyrir sitt leyti og vísar honum til sveitarfélaganna til endanlegrar afgreiðslu.

6. Rekstraráætlun 2023 - Oddi bs - 2209021

Undirbúningur rekstraráætlunar Odda bs. 2023

Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri fór yfir undirbúning rekstraráætlunar Odda bs. fyrir árið 2023

7. Skipun stýrihóps um heilsueflandi samfélag - 2208119

Skipun fulltrúa Odda bs. í stýrihóp um heilsueflandi samfélag í Rangárþingi ytra

Lagt til að fulltrúar Odda verði:

Ingvar Pétur Guðbjörnsson aðalmaður og Eggert Valur Guðmundsson til vara.

Samþykkt samhljóða.

8. Samningar um skólaakstur - 2209007

Samningar um skólaakstur og samræming samninga

Lagt fram erindi frá skólabilstjórum sem keyra í grunnskólana á Laugarlandi og Hellu með breytingar á aksturssamningum.

Stjórn Odda bs. samþykkir að samningarnir verði samræmdir milli skólahverfa en hafnar að öðru leyti erindinu. Sveitarstjóra falið í samráði við skólastjóra að endurskoða og samræma samningana.

9. Íslenskuþorp í leikskólum - Menntaflétta Háskóla Íslands - 2209046

Beiðni Menntafléttu Háskóla Íslands um þátttöku í verkefninu Íslenskuþorps í leikskólum-starfsþróun starfsfólks leikskóla af erlendum uppruna

Lögð fram beiðni Menntafléttu Háskóla Íslands um þátttöku í verkefninu Íslenskuþorps í leikskólum-starfsþróun starfsfólks leikskóla af erlendum uppruna. Skv. upplýsingum frá leikskólastjórum þá væru 6 starfsmenn að taka í verkefninu í Heklukoti og 1 á Laugalandi.

Stjórn Odda samþykkir að taka þátt í verkefninu.

10. Umsókn um námsstyrk til náms í leikskólafræðum - 2209048

Umsagnarbeiðni um styrk

Fyrir fundinum lá ein umsókn um námsstyrk. Umsóknin er í samræmi við reglur Odda bs. og var samþykkt.

11. Haustfundur Odda bs - 2209053

Haustfundur Odda bs. haustið 2022

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur Odda bs. verði haldinn 10. október n.k. kl. 14:30 og haustfundur Odda bs. verði haldinn sama dag kl. 16:00 í fundarsalnum Laugum í Miðjunni á Hellu.

12. Skólaakstur - 2209012

Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók

13. Umsókn um skólavist og skólaakstur - 2209017

Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók

14. Fundargerð samráðsnefndar - 2208090

Fundargerð samráðsnefndar þeirra sveitarfélaga sem ekki hafa sérstaka skólaskrifstofu

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:15.


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Eggert Valur Guðmundsson


Ísleifur Jónsson


Eydís Þ. Indriðadóttir




Klara Viðarsd.

